

**3599. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
mánudaginn 28. júlí 2025 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2507127 - Fyrirhugaðir verndartollar Evrópusambandsins á kísiljárn frá EES-ríkjunum.

Boðuð hefur verið ákvörðun ESB um verndartolla á kísiljárn frá Íslandi og öðrum EES-ríkjum.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar krefst þess að ríkisstjórn Íslands geri allt sem í hennar valdi stendur til að koma í veg fyrir að fyrirhugaðir tollar ESB á kísiljárn verði að veruleika. Slíkt yrði reiðarslag fyrir eitt mikilvægasta atvinnufyrirtæki Akraness, Elkem á Grundartanga. Þá er ekki ljóst af fréttum hvort hagsmunum Norðuráls á Grundartanga verði í framhaldinu ógnað með tollum á álframleiðslu. Verði það niðurstaðan blasir við fordæmalaust áfall fyrir atvinnulíf á Akranesi.

Bæjarráð vill einnig vekja athygli á því að á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga er nú í farvatninu gríðarlega mikil uppbygging og fjárfesting nýrra framleiðslufyrirtækja sem hafa beina hagsmuni af rekstri Elkem. Þá er nú unnið að nýsköpunarverkefnum sem miða að því að nýta betur efnis- og orkustrauma innan svæðisins í anda hringrásarhagkerfisins. Öll þessi áform eru nú sett í uppnam.

Tjón á rekstri fyrirtækja á Grundartanga yrði alvarlegt efnahagslegt áfall og hefði með beinum hætti áhrif á afkomu þjóðarbúsins. Þá er ljóst að atvinnu og afkomu hundraða einstaklinga er ógnað með beinum hætti.

Áform ESB eru algjörlega óskiljanleg og í engu samhengi við stefnu sambandsins um að gæta að viðkvæmum aðfangakeðjum fyrir mikilvæg aðföng til iðnaðarframleiðslu. Bæjarráð krefst þess að ríkisstjórn Íslands mótmæli nú þegar harðlega slíku broti á EES samningnum. Bæjarráð óskar þegar í stað eftir fundi með forsætis-, utanríkis- og atvinnumálaráðherrum um þá alvarlegu stöðu sem blasir við á allra næstu dögum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:00.

*Líf Lárusdóttir
Valgarður L. Jónsson
Ragnar Sæmundsson
Steinar Adolfsson*